

Kálfavík

(Örnefni, sagnir og landlýsing, að sögn Sigurjóns Jónssonar, bónda í Kálfavík.
Skráð af J. Hj. veturinn 1936.)

Skötufjörður er einn meðal hinna meiri þverfjarða Djúpsins. Hann skerst langt inn í landið og er allbreiður, með snarbröttum og gróðurlitlum hlíðum, þar sem skiptast á himingnæfandi klettur og graslausar grjótskriður, niður fyrir miðjar hlíðar, en með sjó eru mjóir grashjallar.

Vilji maður sjá til himins, yfir hinum háu og aðkrepptu fjallabrúnum, verður maður að setja höfuðið á bak aftur, líkt og Þór fyrir hlíðum Útgarða. Innarlega í firði þessum austan megin, er jörðin Kálfavík. Á fjallinu upp af bænum heita **Vatnadalir** (1) og **Kerlingardrög** (2), en þaðan rennur svo nefnd **Hvalskurðará** (3) til sjávar, sem er landamerkjaá milli Kálfavíkur og Borgar. Skammt fyrir utan árósin eru **Garðsklampir** (4) og eyðibýlið **Garður** (5), sem nú liggur undir Kálfavík. Út með sjónum, þar fyrir utan, eru svo **Lækjarbás** (6), **Miðbás** (7) og **Sátubás** (8). Fyrir innan básana er svo nefnd **Ytri-Lending** (9) og **Innri-Lending** (10), en fyrir utan þá er sandeyri, sem heitir **Höfðaeypri** (11) og **Höfði** (12) fyrir utan hana. Lengra út með er **Stekkur** (13) og síðan **Grund** (14), en það er býli, byggt af landi Kálfavíkur, 1 jarðarhundrað að stærð. Þau nöfn, er nú hafa verið talin, nema hin fyrstu, eru öll út með sjónum og er þá komið út að túni í Kálfavík. Upp af Sátubás er djúpt skarð í fjallshlíðina, sem kallast **Grafarskarð** (15). Um það liggur gönguvegur handan frá Mjóafirði, en þar má einnig komast með lausa hesta, þó að illt þyki.

Frá Garði og út undir Grafarskarð liggur grasi vaxinn hjalli, sem nefnist **Slægjuhjalli** (16), upp af honum er **Miðhjalli** (17), **Hæstihjalli** (18) og efst **Hlíð** (19). Fyrir innan og ofan túnið heita **Móar** (20). Í gegnum mitt túnið rennur lítil á, sem heitir **Húsá** (21). Út á túninu heitir **Húsavöllur** (22), þar sem fjárhúsin eru, en **Húsatangi** (23) þar fram af niður við sjóinn. Upp af túninu er svo nefndur **Bólhjalli** (24), **Bæjarhjalli** (25), **Breiðihjalli** (26) og **Mjóihjalli** (27). Út á túninu heitir **Fornabæjartún** (28), en niðri í fjörunni frammi af því eru steinar tveir, sem kallaðir eru **Svartbakar** (29). Fyrir

utan túnið, með sjónum, heita **Bakkar** (30) og er þar **Stekkur** (31). Fyrir utan Bakkana er nefnd **Hlein** (32), en grasbrekkur upp af henni heita **Hnausar** (33). Þá kemur **Hleinarlækur** (34) og svo nefndir **Hnúkar** (35) og gil, sem rennur þar niður hlíðina og nefnist það **Straumbogi** (36). Þar fyrir utan er **Deildarlækur** (37) og **Deild** (38) og **Laugarhellur** (39), niður við sjóinn, en þar upp af í fjallinu heita **Deildarhagar** (40) og **Deildarhjallar** (41). Fyrir utan Deild er svo nefndur **Varnargarður** (42), það er garður hlaðinn úr grjóti, sem nær ofan úr fjalli og niður að sjó og hefur það hlutverk að verja landið fyrir innan ágangi stórgripa. Þar fyrir utan er **Djúpalág** (43), en uppi í fjallinu heitir þar **Breiðhilla** (44), sem nær alla leið frá Hnausum og út að Hjallagili. Síðan koma **Beitarhús** (45) og **Innritóttir** (46) og þar fyrir utan **Breiðhjalli** (47). Niður af Beitarhúsunum heitir **Húsahvammur** (48) og er dálítið tún þar í kring. Upp af Beitarhúsunum heita **Hnúkahjallar** (49).

Á götunum fyrir neðan húsin og utan er kölluð **Álfhólalág** (50) og niður af henni **Kálfahjallar** (51), en **Álfhólar** (52) fyrir utan.

Þar fyrir utan heitir **Merarhjalli** (53) og **Dranghillur** (54) í hlíðinni þar upp af. Þá kemur **Fossagil** (55), sem rennur úr vötnum uppi á fjallinu, er nefnast **Fossavötn** (56), en **Fossanef** (57) heita þar niður við sjóinn.

Þess má og geta, að hlíðin á þessu svæði er kölluð einu nafni **Fossahlíð** (58), en hefur löngum þótt ógreið yfirferðar, þó að snjólétt sé á vetrum. Um Fossahlíð kvað sr. Arnór Jónsson, prófastur í Vatnsfirði (1811-1853) vísu þessa:

Ár og síð og alla tíð,
aldrei skryðist fönnum,
Fjandinn ríði Fossahlíð,
ég fyrirbýð það mönnum.

Fyrir utan Fossagil heitir **Partur** (59) einu nafni, en innst í honum er nefndur **Smérteigur** (60) og einnig eru þar örnefnin **Skógarhjalli** (61) og **Undirhagar** (62). Yzt í landi Kálfavíkur, út við Hjallagil heita **Skógarhjallar** (63), en **Hjallagil** (64) skiptir löndum á milli Hjalla og Kálfavíkur. Báðumegin við gilið eru móar, er kallast **Gilmóar** (65) og tilheyra því báðum jörðunum. Inn á hlíðinni upp af Stekknum, er steinn, sem kallaður er **Grásteinn** (66). Í túninu fyrir innan **Sjóargötuna** (67) er nefndur **Rani** (68), en fyrir utan götuna heitir **Brekka** (69).

Stafrófsskrá örnefna

Álfhólalág 50	Innritóttir 46
Álfhólar 52	Kálfahjallar 51
Bakkar 30	Kerlingardrög 2
Beitarhús 45	Laugarhellur 39
Bólhjalli 24	Lending, Innri- 10
Breiðhilla 44	Lending, Ytri- 9
Breiðihjalli (ytri) 47	Lækjarbás 6
Breiðihjalli 26	Merarhjalli 53
Brekka 69	Miðbás 7
Bæjarhjalli 25	Miðhjalli 17
Deild 38	Mjóihjalli 27
Deildarhagar 40	Móar 20
Deildarhjallar 41	Partur 59
Deildarlækur 37	Rani 68
Djúpalág 43	Sátubás 8
Dranghillur 54	Sjóargata 67
Fornabæjartún 28	Skógarhjallar 63
Fossagil 55	Skógarhjalli 61
Fossahlíð 58	Slægjuhjalli 16
Fossanef 57	Smérteigur 60
Fossavötn 56	Stekkur (ytri) 31
Garðsklampir 4	Stekkur 13
Garður 5	Straumbogi 36
Gilmóar 65	Svarbakar 29
Grafarskarð 15	Undirhagar 62
Grásteinn 66	Varnargarður 42
Grund 14	Vatnadalir 1
Hjallagil 64	Ytri-Lending 9
Hlein 32	
Hleinarlækur 34	
Hlíð 19	
Hnausar 33	
Hnúkahjallar 49	
Hnúkar 35	
Húsahvammur 48	
Húsatangi 23	
Húsavöllur 22	
Húsá 21	
Hvalskurðará 3	
Hæstihjalli 18	
Höfðaeypri 11	
Höfði 12	
Innri-Lending 10	